

## Sterkur innri vöxtur – 27% aukning farþega í millilandaflugi

### Afkoma á öðrum ársfjórðungi 2011

- | Heildarvelta var 25,0 milljarðar króna og jókst um 14% frá sama tíma í fyrra.
- | Þegar tekið er tillit til félaga sem fóru út úr samstæðunni um síðustu áramót er veltuaukningin 21%.
- | EBITDA var 2,1 milljarður króna og stóð í stað á milli ára. EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 1,9 milljarði króna.
- | EBITDA-hlutfall var 8,3% en var 9,8% á sama tímabili í fyrra.
- | Olíuverð var að meðaltali 47% hærra en á síðasta ári og kostnaðarhækkun vegna þessa metin á 1,7 milljarða króna.
- | Afskriftir voru 1,5 milljarðar króna.
- | EBITDAR-hlutfall var 15,5% en var 20,3% á sama tímabili í fyrra.
- | Fjármagnskostnaður var 0,1 milljarður króna samanborið við 1,1 milljarð króna árið áður.
- | Hagnaður eftir skatta var 0,4 milljarðar króna en tapið var 0,2 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

### Afkoma á fyrstu 6 mánuðum 2011

- | Heildarvelta var 41,5 milljarðar króna og jókst um 8% á milli ára.
- | Þegar tekið er tillit til félaga sem fóru út úr samstæðunni um áramót er veltuaukningin 15%.
- | EBITDA var 1,9 milljarðar króna og EBITDA hlutfallið 4,6% en var 2,3 milljarðar króna og 6,1% árið á undan. EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 1,8 milljarði króna.
- | EBITDAR-hlutfall var 13,3% en var 17,4% á sama tímabili í fyrra.
- | Fjármagnskostnaður var 0,6 milljarðar króna samanborið við 1,8 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.
- | Handbært fé frá rekstri nam 13,8 milljörðum króna samanborið við 9,4 milljarða á fyrstu sex mánuðum árið áður.
- | Handbært fé og markaðsverðbréf 30. júní námu 18,4 milljörðum króna, en 7,5 milljörðum á sama tíma í fyrra.
- | Heildareignir námu 94,6 milljörðum í lok tímabilsins og eiginfjárlutfall var 29,1% í lok tímabilsins, en var 13,4% á sama tíma í fyrra.

Highlights (mISK)	Q2 2011	Q2 2010	6M 2011	6M 2010
Operating Income	25,029	21,885	41,046	38,168
EBITDA	2,087	2,149	1,889	2,327
EBITDA ratio	8.3%	9.8%	4.6%	6.1%
EBIT	623	843	-812	-320
EBT	452	-207	-1,406	-2,043
Profit (loss) from continuing operations	409	-161	-712	-1,646
Profit (loss) for the period	409	-161	-712	-2,046
EBITDAR	3,888	4,450	5,472	6,629
EBITDAR ratio	15.5%	20.3%	13.3%	17.4%

### Björgólfur Jóhannsson, forstjóri:

„Sterkur innri vöxtur einkenndi annan ársfjórðung, en framboðsaukning í millilandaflugi félagsins nam 25% á milli ára. Farþegaaukning á sama tíma var 27%. Velta Loftleiða jókst um 28% og Flugfélag Íslands jók framboð sitt til Grænlands og nam farþegaaukningin á tímabilinu 14%. Þá opnaði samstæðan nýtt hótél á Akureyri.

Hátt olíuverð, eldgos og aðgerðir vegna kjaradeilna voru áskoranir sem við þurftum að takast á við. Kostnaður og tekjutap vegna eldgossins er talið nema um 300 milljónum króna í fjórðungnum og yfirvinnubann flugmanna kostaði félagið sambærilega fjárhæð. Aðgerðir þeirra komu á versta tíma þar

sem þjálfun nýrra flugmanna hafði seinkað vegna eldgossins. Olíuverð var að meðaltali 47% hærra en á sama tíma í fyrra og kostnaðarhækkun vegna þess er um 1,7 milljarðar króna. Í ljósi þessa erum við mjög sátt við afkomu félagsins og ljóst að undirliggjandi rekstur er traustur.

Fjárhagsleg staða félagsins er sterk. Eiginfjárhluftfall er 29% og handbært fé og markaðsverðbréf í lok júní námu um 18,4 milljörðum króna. Bókunar- og verkefnastaða fyrir komandi mánuði er góð og er EBITDA spá fyrir árið í heild óbreytt eða 9,5 milljarðar króna.“

## Lykiltölur úr rekstri á öðrum ársfjórðungi 2011

**EBITDA** nam 2,1 milljarði króna og stóð í stað á milli ára. **EBITDA-hlutfall** nam 8,3% á öðrum ársfjórðungi en var 9,8% á sama tímabili 2010. EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 1,9 milljarði króna.

**EBIT** var 0,6 milljarðar króna en var 0,8 milljarðar króna á sama tímabili árið á undan. **Hagnaður** eftir skatta var 0,4 milljarðar króna, en á sama tímabili árið 2010 var tap að fjárhæð 0,2 milljörðum króna.

**Handbært fé frá rekstri** á fyrstu sex mánuðum ársins nam 13,8 milljörðum króna samanborið við 9,4 milljarða króna á síðasta ári.

**EBITDAR** var 3,9 milljarðar króna samanborið við 4,5 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2010.

**EBITDAR-hlutfall** var 15,5% á öðrum ársfjórðungi 2011 en var 20,3% á sama tímabili í fyrra.

Income Statement (mISK)	Q2 2011	Q2 2010	% Chg.
Transport revenue	16,047	13,314	21%
Aircraft and aircrew lease	4,615	4,875	-5%
Other operating revenue	4,367	3,696	18%
<b>Operating Income</b>	<b>25,029</b>	<b>21,885</b>	<b>14%</b>
Salaries and related expenses	6,143	5,337	15%
Aircraft fuel	5,939	3,973	49%
Aircraft and aircrew lease	2,865	3,091	-7%
Aircraft handling, landing and navigation	1,949	1,649	18%
Aircraft maintenance expenses	1,848	1,836	1%
Other operating expenses	4,198	3,850	9%
<b>EBITDA</b>	<b>2,087</b>	<b>2,149</b>	-
<b>EBITDA ratio</b>	<b>8.3%</b>	<b>9.8%</b>	-
<b>EBIT</b>	<b>623</b>	<b>843</b>	-
<b>EBT from continuing operations</b>	<b>452</b>	<b>-207</b>	-
<b>Profit (loss) from continuing operations</b>	<b>409</b>	<b>-161</b>	-
<b>Profit (loss) for the period</b>	<b>409</b>	<b>-161</b>	-
<b>EBITDAR</b>	<b>3,888</b>	<b>4,450</b>	-
<b>EBITDAR ratio</b>	<b>15.5%</b>	<b>20.3%</b>	-

**Heildartekjur** námu 25,0 milljörðum króna miðað við 21,9 milljarða króna á sama tímabili í fyrra sem er 14% aukning á milli ára. Þegar tekið er tillit til félaga sem fóru úr samstæðunni í árslok 2010 er veltuaukning milli ára 21%.

**Heildarkostnaður án afskrifta** var 22,9 milljarðar króna en var 19,7 milljarður króna á öðrum ársfjórðungi 2010.

**Flutningatekjur** jukust um 2,7 milljarða króna eða um 21%.

**Tekjur af leiguflugluga** drógust saman um 0,3 milljarða króna. Veltuaukning Loftleiða í fjórðungnum nam 28% en á móti kemur að velta Bláfugls var inni í tölum 2010, en ekki 2011.

**Aðrar tekjur** hækkuðu um 0,7 milljarða króna eða um 18% frá öðrum ársfjórðungi 2010. Skýrist það af aukningu tekna hjá Flugleiðahótelum og Iceland Travel, en tekjur þessara félaga drógust mikið saman á síðasta ári vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

**Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður** hækkaði um 0,8 milljarða króna eða 15% í samanburði við annan ársfjórðung 2010. Skýrist það fyrst og fremst af auknu framboði í millilandaflugi félagsins. Sátt náðist í kjaradeilum við flugmenn og flugvirkja á fjórðungnum og hafa nú samningar til næstu þriggja ára verið undirritaðir við allar stéttir fyrir utan Flugfreyjufélag Íslands.

**Eldsneytiskostnaður** hækkar um 2,0 milljarða króna sem er 49% hækkun frá sama tíma í fyrra. Meðalverð á heimsmarkaði á öðrum ársfjórðungi 2010 var USD 721 á tonn en meðalverð á öðrum ársfjórðungi 2011 var USD 1.057 á tonn, sem jafngildir 47% hækkun. Kostnaðarhækkun vegna þessa á fjórðungnum er um 1,7 milljarðar króna.

Í töflunni hér að neðan kemur fram staða eldsneytisvarna félagsins í lok júní. Taflan sýnir að tæplega helmingur af áætlaðri notkun í þriðja ársfjórðungi hefur verið varin með valréttarsamningum sem setja efri mörk á eldsneytiskostnað.

2011	Estimated usage (tons)	Average Hedge price USD	% hedged
July	21,900	977	47%
August	21,783	977	48%
September	16,642	977	44%
October	14,267	1,070	23%
November	11,221	1,032	2%
December	10,701	1,032	2%

**Flugvéla- og áhafnaleiga** lækkaði um 0,2 milljarð króna á milli ársfjórðunga eða um 7%. Þessi lækkun skýrist fyrst og fremst af Bláfugli sem var inni í tölum fyrir árið 2010.

**Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld** hækkuðu um 0,3 milljarða króna á milli ára eða um 18%, en töluverðar verðhækkningar hafa orðið frá því á síðasta ári.

**Viðhaldskostnaður** stóð í stað á milli ára og nam 1,8 milljarði króna.

## Fjármagnsliðir á öðrum ársfjórðungi 2011

**Nettó fjármagnsgjöld** voru 0,1 milljarður króna á öðrum ársfjórðungi 2011 en voru 1,1 milljarður króna á sama tímabili í fyrra.

**Fjármagnstekjur** voru 0,3 milljarðar króna og jukust um 0,3 milljarða króna á milli ára. Skýrist aukningin að hluta vegna greiðslu frá Landsbankanum í Luxemburg en inneignin hafði áður verið afskrifuð.

**Fjármagnsgjöld** lækkuðu um 0,5 milljarða á milli ára og námu 0,5 milljörðum.

Net Finance Cost mISK	Q2 2011	Q2 2010	Chg.
Interest income	349	83	266
Interest expenses	-479	-971	492
Currency effect	-50	-163	113
<b>Net finance cost</b>	<b>-180</b>	<b>-1,051</b>	<b>871</b>

## Fyrstu sex mánuðir ársins 2011

Að neðan eru dregnir fram helstu þættir úr uppgjöri fyrstu sex mánaða ársins 2011.

**EBITDA** var 1,9 milljarðar króna en var 2,3 milljarðar króna á sama tímabili árið á undan. **EBITDA-hlutfall** var 4,6% en var 6,1% á sama tímabili í fyrra. EBITDA af sambærilegum rekstri 2010 nam 1,8 milljörðum króna.

**EBIT** var neikvæð um 0,8 milljarða króna en var neikvæð um 0,3 milljarða króna á sama tímabili árið á undan. **Tap** tímabilsins eftir skatta nam 0,7 milljörðum króna, en var 1,6 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

**EBITDAR** var 5,5 milljarðar króna samanborið við 6,6 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum 2010.

**EBITDAR-hlutfall** nam 13,3% en nam árið 2010 17,4%.

**Eldsneytisverð** var að meðaltali 44% hærra fyrstu sex mánuði ársins en á sama tímabili á síðasta ári. Kostnaðarhækkun samfara því er metin á 2,5 milljarða króna.

Income Statement (mISK)	6M 2011	6M 2010	% Chg.
Transport revenue	24,671	22,016	12%
Aircraft and aircrew lease	8,523	9,719	-12%
Other	7,852	6,433	22%
<b>Operating Income</b>	<b>41,046</b>	<b>38,168</b>	<b>8%</b>
Salaries and related expenses	10,860	9,841	10%
Aircraft fuel	9,443	6,644	42%
Aircraft and aircrew lease	5,093	5,941	-14%
Aircraft servicing, handling and communication	3,114	2,783	12%
Aircraft maintenance	3,333	3,400	-2%
Other	7,314	7,232	1%
<b>EBITDA</b>	<b>1,889</b>	<b>2,327</b>	<b>-</b>
<b>EBITDA ratio</b>	<b>4.6%</b>	<b>6.1%</b>	<b>-</b>
<b>EBIT</b>	<b>-812</b>	<b>-320</b>	<b>-</b>
<b>EBT from continuing operations</b>	<b>-1,406</b>	<b>-2,043</b>	<b>-</b>
<b>Loss from continuing operations</b>	<b>-712</b>	<b>-1,646</b>	<b>-</b>
<b>Loss from discontinuing operations</b>	<b>0</b>	<b>-400</b>	<b>-</b>
<b>Loss for the period</b>	<b>-712</b>	<b>-2,046</b>	<b>-</b>
<b>EBITDAR</b>	<b>5,472</b>	<b>6,629</b>	<b>-</b>
<b>EBITDAR ratio</b>	<b>13.3%</b>	<b>17.4%</b>	<b>-</b>

## Efnahagsreikningur

Balance sheet (mISK)	30.06.2011	31.12.2010	Chg.
<b>Assets:</b>			
Operating Assets	31,351	27,594	3,757
Intangible assets	21,128	21,212	-84
Long-term cost	655	918	-263
Long-term receivables and deposits	1,826	1,424	402
Other non-current assets	176	178	-2
<b>Total non-current assets</b>	<b>55,136</b>	<b>51,326</b>	<b>3,810</b>
Assets classified as held for sale	2,858	2,815	43
Other current-assets	18,210	17,104	1,106
Marketable securities	3,200	1,306	1,894
Cash and cash equivalents	15,180	11,688	3,492
<b>Total current assets</b>	<b>39,448</b>	<b>32,913</b>	<b>6,535</b>
<b>Total assets</b>	<b>94,584</b>	<b>84,239</b>	<b>10,345</b>
<b>Equity and liabilities:</b>			
<b>Stockholders equity</b>	<b>27,540</b>	<b>28,403</b>	<b>-863</b>
Loans and borrowings non-current	18,096	21,356	-3,260
Other non-current liabilities	5,475	6,012	-537
<b>Total non-current liabilities</b>	<b>23,571</b>	<b>27,368</b>	<b>-3,797</b>
Loans and borrowings current	3,208	3,248	-40
Trade and other payables	18,502	14,048	4,454
Deferred income	19,273	8,807	10,466
Liabilities classified as held for sale	2,490	2,365	125
<b>Total current liabilities</b>	<b>43,473</b>	<b>28,468</b>	<b>15,005</b>
<b>Total equity and liabilities</b>	<b>94,584</b>	<b>84,239</b>	<b>10,345</b>
<b>Equity ratio</b>	<b>29.1%</b>	<b>33.7%</b>	<b>-4.6 ppt</b>
<b>Current ratio</b>	<b>0.91</b>	<b>1.16</b>	<b>-0.25</b>
<b>Net interest bearing debt</b>	<b>3,372</b>	<b>12,129</b>	<b>-8,757</b>
<b>Interest bearing debt</b>	<b>21,752</b>	<b>24,604</b>	<b>-2,852</b>

**Eignir** voru 94,6 milljarðar króna í lok annars ársfjórðungs 2011 samanborið við 84,2 milljarða í lok árs 2010.

**Eigið fé** nam 27,5 milljörðum króna og eiginfjárlutfall var 29,1% í lok tímabilsins

**Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjárumunum** á tímabilinu námu 6,7 milljörðum króna. Icelandair fjárfesti í tveimur B757-200 flugvélum fyrir 3,0 milljarða króna, Flugfélag Íslands í tveimur Dash 8-200 flugvélum fyrir 0,6 milljarða króna og Icelandair Group í einni Airbus 320 að fjárhæð 0,2 milljörðum króna. Fjárfesting í hreyflatímum nam 0,9 milljörðum króna á tímabilinu.

**Vaxtaberandi skuldir** námu 21,8 milljörðum króna samanborið við 24,6 milljarða króna í ársbyrjun. Greitt var af langtímalánum að fjárhæð 20 milljónir dollara sem ekki voru komin á gjaldþaga.

## Sjóðsstreymi

Statement of Cash Flow (mISK)	6M 2011	6M 2010
Working capital from operations	2,483	1,708
Net cash from operating activities	13,841	9,386
Net cash used in investing activities	-8,036	-2,304
Net cash used in financing activities	-2,317	-1,543
<b>Increase in cash and cash equivalents</b>	<b>3,488</b>	<b>5,539</b>
Effect of exchange rate fluctuations on cash held	4	23
Cash and cash equivalents at 1 January	11,688	1,909
<b>Cash and cash equivalents at 30 June</b>	<b>15,180</b>	<b>7,471</b>

Veltufé frá rekstri var 2,5 milljarðar króna samanborið við 1,7 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.

Handbært fé frá rekstri var 13,8 milljarðar króna en var 9,4 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

Handbært fé og markaðsverðbréf í lok tímabilsins námu 18,4 milljörðum króna en voru 7,5 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

## Lykiltölur úr rekstri eftir ársfjórðungum

Income Statement (mISK)	Q2 2011	Q1 2011	Q4 2010	Q3 2010	Q2 2010	Q1 2010
Transport revenue	16,047	8,624	10,863	21,065	13,314	8,702
Aircraft and aircrew lease	4,615	3,908	4,978	5,275	4,875	4,844
Other	4,367	3,485	2,924	4,742	3,696	2,737
<b>Operating Income</b>	<b>25,029</b>	<b>16,017</b>	<b>18,765</b>	<b>31,082</b>	<b>21,885</b>	<b>16,283</b>
Salaries and related expenses	6,143	4,717	5,342	5,232	5,337	4,503
Aircraft fuel	5,939	3,504	3,293	4,990	3,973	2,671
Aircraft and aircrew lease	2,865	2,228	2,496	3,429	3,091	2,850
Aircraft servicing, handling and navigation	1,949	1,165	1,105	2,215	1,649	1,134
Aircraft maintenance	1,848	1,485	1,324	1,751	1,836	1,564
Other	4,198	3,116	4,089	4,330	3,850	3,382
<b>EBITDA</b>	<b>2,087</b>	<b>-198</b>	<b>1,116</b>	<b>9,135</b>	<b>2,149</b>	<b>178</b>
<b>EBIT</b>	<b>623</b>	<b>-1,435</b>	<b>-971</b>	<b>7,545</b>	<b>843</b>	<b>-1,163</b>
Gain on disposals in relation to financial restructuring	0	0	4,245	0	0	0
<b>EBT from continuing operations</b>	<b>452</b>	<b>-1,858</b>	<b>2,235</b>	<b>6,384</b>	<b>-207</b>	<b>-1,836</b>
<b>Profit (loss) from continuing operations</b>	<b>409</b>	<b>-1,121</b>	<b>1,567</b>	<b>5,197</b>	<b>-161</b>	<b>-1,485</b>
Loss from discontinuing operations	0	0	-162	0	0	-400
<b>Profit (loss) for the period</b>	<b>409</b>	<b>-1,121</b>	<b>1,405</b>	<b>5,197</b>	<b>-161</b>	<b>-1,885</b>

## Flutningatölur

ICELANDAIR	Q2 11	Q2 10		CHG (%)	JAN-JUN 11	JAN-JUN 10		CHG (%)
Number of Passengers (PAX)	463,861	365,835	↑	27%	721,785	593,430	↑	22%
Load Factor (%)	79.3%	76.4%	↑	3.0 ppt	76.2%	73.1%	↑	3.1 ppt
Available Seat Kilometers (ASK'000)	1,636,456	1,311,644	↑	25%	2,627,093	2,199,723	↑	19%
AIR ICELAND	Q2 11	Q2 10		CHG (%)	JAN-JUN 11	JAN-JUN 10		CHG (%)
Number of Passengers (PAX)	88,909	77,661	↑	14%	165,887	157,489	↑	5%
Load Factor (%)	67.7%	66.0%	↑	1.6 ppt	68.1%	67.6%	↑	0.6 ppt
Available Seat Kilometers (ASK'000)	46,231	38,677	↑	20%	81,478	71,626	↑	14%
CAPACITY	Q2 11	Q2 10		CHG (%)	JAN-JUN 11	JAN-JUN 10		CHG (%)
Fleet Utilization (%)	94.3%	97.1%	↓	-2.8 ppt	94.7%	92.6%	↑	2.1 ppt
Sold Block Hours	9,165	8,088	↑	13%	17,722	16,062	↑	10%
ICELANDAIR CARGO	Q2 11	Q2 10		CHG (%)	JAN-JUN 11	JAN-JUN 10		CHG (%)
Available Tonne Kilometers (ATK'000)	43,004	36,318	↑	18%	76,348	70,611	↑	8%
Freight Tonne Kilometers (FTK'000)	18,110	16,157	↑	12%	36,664	36,232	↑	1%
ICELANDAIR HOTELS	Q2 11	Q2 10		CHG (%)	JAN-JUN 11	JAN-JUN 10		CHG (%)
Available Hotel Room Nights	63,265	60,025	↑	5%	111,145	107,665	↑	3%
Sold Hotel Room Nights	44,320	39,428	↑	12%	69,444	66,914	↑	4%
Utilization of Hotel Rooms	70.1%	65.7%	↑	4.4 ppt	62.5%	62.2%	↑	0.3 ppt

Farþegar Icelandair í millilandaflugi á öðrum ársfjórðungi voru 27% fleiri en á síðasta ári. Sætanyting hefur aldrei mælst hærrí á öðrum ársfjórðungi eða 79.3% og jókst um 3 prósentustig á milli ára. Farþegum fjölgaði hjá Flugfélagi Íslands um 14% og skýrist það af meira flugi til Grænlands, sem hefur gengið mjög vel. Seldir blokk tímar voru 2.8 prósentustig færri á fjórðungnum en á sama tíma á síðasta ári. Seldum blokk tímum fjölgaði hjá Loftleiðum en fækkaði hjá Icelandair Cargo vegna viðhaldsvinnu. Frakt flutningar jukust um 12%. Nýtingin á hótélunum nam 70.1% og batnaði töluvert á milli ára.

Framboð í millilandaflugi fyrstu sex mánuði ársins var aukið um 19% og fjölgaði farþegum á sama tíma um 22%. Sætanytingin nam 76.2% og hefur aldrei verið hærrí á þessu tímabili. Farþegum fjölgaði á öllum mörkuðum þó mest á Norður-Atlantshafsmarkaðnum um 29%. Aukning varð einnig mikil á markaðnum frá Íslandi eða 26% en varð minni á markaðnum til Íslands eða um 13%. Bókunarstaða næstu mánuðina gefur til kynna að sá markaður muni taka við sér á þriðja ársfjórðungi.

## Horfur í rekstri Icelandair Group hf.

Horfur í rekstri félagsins eru almennt góðar. Bókunarstaða Icelandair á þriðja ársfjórðungi er góð. Bókunarstaðan á markaðinum til Íslands lítur vel út og er gert ráð fyrir metfjölda ferðamanna til Íslands á árinu. Rekstur Loftleiða hefur gengið vel og verkefnastaða félagsins er góð. Opnun Icelandair Hótel Akureyri er ánægjuleg viðbót sem og endurnýjun Icelandair Hótel Reykjavík Natura og mun án efa efla ímynd hótélakeðjunnar sem gistivalkost allan ársins hring. Flugfélag Íslands hefur aukið mjög við flug sitt til Grænlands og hefur það gengið vel. Félagið hefur fjárfest í tveimur Dash 8-200 vélum til að annast þau flug og munu þær leysa tvær eldri Dash vélar félagsins af.

Í febrúar var send tilkyning frá félaginu um að fyrir lægi stjórnarsamþykkt um að skoða skráningu félagsins í aðra kauphöll í Skandinavíu. Sú vinna gengur samkvæmt áætlun og skýrist það á árinu hver niðurstaðan verður.

Samkeppnisstaða félagsins er sterk, efnahagurinn traustur og lausafjárstaðan mjög góð. Félagið er því vel í stakk búið að takast á við þau krefjandi verkefni sem framundan eru.

## Almennar horfur á mörkuðum

Óvissa ríkir um efnahagshorfur í heiminum. Skuldavandi Evrópu er áhyggjuefni og dregur úr efnahagsbatanum í álfunni. Þá hefur efnahagsóvissa í Bandaríkjunum aukist á síðustu vikum, sérstaklega eftir að matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði lánshæfismat bandaríska ríkisins. Þrátt fyrir þetta eru horfur í flugheiminum almennt góðar og er búist við áframhaldandi vexti á árinu 2012 eða um 4% á heimsvísu. Erfitt er að spá fyrir um þróun eldsneytisverðs en gera má ráð fyrir að það muni haldast hátt næstu 12 mánuðina og hagnaður í greininni muni vera undir pressu vegna þessa. Búist er við að meðalfargjöld standi í stað eða hækki þegar flugfélög reyna að draga úr áhrifum ólíuverðshækkana með hækkunum á olíugjaldi. Þá má gera ráð fyrir áframhaldandi samruna flugfélaga í Evrópu til að bregðast við lækkandi arðsemi.

## Kynningarfundur föstudaginn 12.ágúst 2011

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 12.ágúst 2011 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason framkvæmdastjóri fjármála munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 16:00.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: [www.icelandairgroup.is](http://www.icelandairgroup.is) og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

## Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors annars ársfjórðungs og fyrstu sex mánaða 2011 var samþykktur á stjórnarfundum þann 11. ágúst 2011. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, KPMG Endurskoðun hf.

## Stærstu hluthafarnir í Icelandair Group hf. þann 10. ágúst 2011

Hluthafi	Eign í %
Framtakssjóður Íslands	29.0%
Íslandsbanki hf	20.6%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	12.1%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	6.0%
Glitnir banki hf	3.6%
Stefnir - ÍS 15	2.9%
Úrvalsbréf Landsbankans	2.3%
Stefnir - ÍS 5	2.1%
SPB hf	1.9%
Stafir lífeyrissjóður	1.8%



## **Fjárhagsdagatal 2011**

Uppgjör þriðja ársfjórðungs - Vika 44, 2011.

Uppgjör fjórða ársfjórðungs - Vika 6, 2012.

### **Frekari upplýsingar veita:**

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455.

Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801.